

Nd.

336. Nefndarálit

[97. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta á fundum sínum. Frv. var sent Tryggingastofnun ríkisins til umsagnar. Tryggingastofnunin benti á, að lögum um almannatryggingar væru nú í endurskoðun og mundi þetta atriði, sem frv. fjallar um, tekið til athugunar ásamt öðru slíku. Enda þótt ýmsir nefndarmenn létu í ljós þá skoðun, að breyting sú á almannatryggingarlögum, sem frv. fer fram, sé að ýmsu leyti sanngjörn, þá féllst þó nefndin á sjónarmið Tryggingarstofnunarinnar og var samþykkað um að afgreiða málið með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem vitað er, að endurskoðun á lögum um almannatryggingar er þegar hafin og verður væntanlega lokið á þessu ári og að við þá endurskoðun munu þær breytingar, sem frv. fer fram á, verða teknar til athugunar, þá telur deildin ekki ástæðu til að afgreiða málið að þessu sinni og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 10. febr. 1949.

Sig. E. Hlíðar,
form.

Helgi Jónasson,
fundaskr., frsm.

Hallgrímur Benediktsson.

Gylfi Þ. Gíslason.

Katrín Thoroddsen.